

**Samkeppniseftirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík**



## Mál: Sjónarmið og athugasemdir við frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins um eldsneytismaðaðinn, rit nr. 2/2015.

Þann 30. nóvember sl. sendi Samkeppniseftirlitið frummatsskýrslu um markaðsranssókn á eldsneytismaðnum. Beðið hafði verið eftir útgáfu skýrslunnar um all langan tíma, enda miklir hagsmunir í húfi fyrir neytendur og fyrirtæki og þá aðila sem starfa á smásöluþjónustu. Skýrslan er að mati Festi gott innlegg og veitir góða innsýn í eldsneytismaðnum. Er útkomu hennar fagnað og verður hún vonandi til þess að fleiri aðilar geti hafið starfsemi á þessum markaði og aukið þar með samkeppni.

Í mars 2014 ákvað Festi að stefna að opnun eldsneytisafgreiðslustöðva sem einnig byðu upp á endurnýjanlega orkugjafa svo sem rafmagn. Nú, liðlega ári seinna, er staðan sú að ekkert sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hefur samþykkt málaleitanir félagsins, eitt sveitarfélag hefur hafnað umsókn um uppsetningu slíkrar stöðvar á þeirri einu forsendu að “nóg væri af bensínstöðvum” og opinberar yfirlýsingar nokkurra sveitarstjórnarmanna í Reykjavík gefa ekki tilefni til bjartsýni. Umsókn félagsins til Faxaflóahafna var vísað til Umhverfis og skipulagsráðs þann 22. janúar sl, en var ekki framsend fyrr en 9. mars eftir ítrekaða beiðni.

Viðræður við innlendu olíufélögin um birgjasamninga hafa litlu skilað, verðhugmyndir félaganna eru með öllu óraunhæfar og erlendir birgi félaganna, sem er jafnframt eigandi eldsneytis í innflutningshöfnum, telur sig ekki geta selt nýjum aðilum eldsneyti vegna þess að magnið sé ekki nægjanlegt. Festi létt kanna hvaða kjör bjóðast óháðum smásöluaðilum í Danmörku. Niðurstaðan var síðan að dreifing innan Kaupmannahafnar kostar innan um 1,80 kr/l og geymsla 0,35 kr/l. Ekkert félaganna var tilbúið að bjóða þessa þjónustu undir \_\_\_\_\_ kr/l, en eitt félag gaf til kynna að það væri til í að lækka sig á ákveðnum forsendum en þó aldrei undir \_\_\_\_\_ kr/l. (tölur frá félögunum ekki til birtingar). Samkvæmt skýrslunni er álagning mun lægri fyrir sambærilegt magn, sé það ekki ætlað í endursölu.

Því má segja að þrautarganga Festi staðfesti í raun flestar þær ályktanir sem dregnar eru fram í skýrslunni. Rétt er að vekja athygli á því að í umsóknum Festi hefur jafnan verið vísað í frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins og skyldur sveitarfélaga samkvæmt stjórnsýslulögum er kemur að málshraðareglu, jafnræðisreglu og andmælareglu, sem og leiðbeiningaskyldu og upplýsingarétti. Svo virðist sem skipulagsfirvöld hafi litinn áhuga á að bæta úr og ofangreindar reglur hafa verið vel teygðar í málsmeðferðinni.

Varðandi leiðir til úrbóta er það mat Festi að nauðsynlegt sé að aðskilja smásölu og heildsölu eldsneytis. Festi hefur neyðst til að upplýsa félögin um áform sín og viðskiptaáætlun og ljóst að þessar hugmyndir hafa verið nýttar af félögunum sjálfum í smásölu. Auk þess gæti aðskilnaður orðið til þess að auka samkeppni á milli olíufélaganna þar sem heildsölusvið hefur hag af auknum viðskiptum og heildsöluverð mun væntanlega leita jafnvægis miðað við magn og tilkostnað.

Hvað skipulagsmál varðar er nauðsynlegt að sveitarfélög setji sér gagnsæjar og skýrar reglur varðandi afgreiðslur umsókna. Veigamikil rök þurfa að koma til ef meina á smásala að auka vöruframboð sitt, hafi hann starfsleyfi og aðstöðu sem uppfyllir öll þau skilyrði sem krafist er.

Reykjavík 11. mars 2016

Jón Björnsson  
Forstjóri Festi hf.